

Biðskylda á Bessastíg austan við Vallargötu, gagnvart Vallargötu.

Biðskylda á Norðursund bæði við Græðisbraut og Heiðarveg, gagnvart Græðisbraut og Heiðarvegi.

Biðskylda á Tangagötu við Skildingaveg, gagnvart Skildingavegi.

Biðskylda á Skólavegi við Tangagötu, gagnvart Tangagötu.

Biðskylda á Bárustíg við Tangagötu og Ægisgötu, gagnvart Tangagötu, Ægisgötu.

Biðskylda á Sjómannasund við Ægisgötu, gagnvart Ægisgötu.

Biðskylda á Sjómannasund við Strandveg, gagnvart Strandvegi.

Biðskylda á Formannabraut við Ægisgötu, gagnvart Ægisgötu.

Biðskylda á Brimhólabraut við Kirkjuveg, gagnvart Kirkjuvegi.

Biðskylda á veg frá Skipalyftu á gatnamótum við Eiðisveg, gagnvart Eiðisvegi.

Í stað biðskyldu skal koma stöðvunarskylda á Formannabraut á gatnamótum við Strandveg gagnvart Strandvegi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Vestmannaeyjum sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 2. maí 1995.

Georg Kr. Lárusson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir
Vestmannaeyjar nr. 320 18. júlí 1979.**

1. gr.

20. gr. orðist svo:

Almennur hámarkshraði ökutækja er 50 km á klukkustund í þéttbýli. Um hámarkshraða og hraðatakmarkanir í og utan þéttbýlis vísast að öðru leyti til 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Ökumenn skulu þó ávallt gæta fyrirmæla umferðarlaga um minni ökuhraða og sérstaka varúð, svo sem þegar skyggni, umferð, ástand vegar eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilfærni til.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. maí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurður T. Magnússon.